

Skólaráðsfundur 11. júní 2018, klukkan 8:15.

Mætti: Aðalheiður aðstoðarskólastjóri, Soffía Vagnsdóttir frá Skóla og frístundasviði, Sólveig stuðn.f., Kristín frá foreldrafélaginu, Rúna kennari, Ólafur prestur, Kristín Hrönn frá foreldrafélaginu og Rakel Linda sérkennari.

Efni fundar:

1) Ráðning skólastjóra. Soffía Vagnsdóttir fór yfir auglýsingu. Kristín Hrönn spurði hvernig stjórnunarhæfileikar væru metnir, Soffía nefndi að umsögn umsagnaraðila hefði mikið að segja. Kristín Hrönn nefndi að gott væri að bæta við auglýsinguna að um 20% nemenda væru af erlendum uppruna. Soffía nefndi að í ferð sem hún fór til Kanada hefði komið fram að þrír mikilvægir þættir í skólastarfinu sem huga þarf að væru fjölmennig, andlegt heilbrigði og foreldrasamstarf. Rætt var um mikilvægi þess að nefna hversu öflugt foreldrastarfið væri og leiðandi afl þess innan Breiðholts.

Rætt um að breyta þurfi reglugerðum, foreldravaldið væri of mikið og stjórnaði of mikið skólastarfinu. Það að foreldrar taki börn sín úr skóla án ábyrgðar bitnar ekki bara á þeirra barni heldur einnig öðrum.

Fundi slitið klukkan 9:00.

Fundarritari Rakel Linda Kristjánsdóttir.